

LANDSBANKINN HF.


UFS EINKUNN **90 / A3**

A1-A3	B1-B3	C1-C3	D
Framúrskarandi	Gott	Miðlungs	Slakt


UFS NIÐURSTÖÐUR

NIÐURSTÖÐUR	Vægi	Stig	Einkunn
Heildareinkunn	100%	90	A3
Umhverfisþættir	10.5%	93	A2
E.1 Visthagkvæmni	4.5%	96	A2
E.2 Umhverfisstjórnun	6%	90	A3
Félagsþættir	24.5%	95	A2
S.1 Vinnuumhverfi	7%	100	A1
S.2 Velferð starfsfólks og viðskiptaánægja	17.5%	93	A2
Stjórnarþættir	65%	87	A3
G.1 Almennir stjórnarþættir	10%	97	A1
G.2 Starfshættir og aðfangakedja	23.5%	89	A3
G.3 Vörur og þjónusta	31.5%	82	B1

UFS EINKUNN



UFS EINKUNNADREIFING



STUTT SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM

Landsbankinn fær framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar og endar með 90 stig af 100 í flokki A3. Sjálfbærni er áfram í hávegi höfð hjá bankanum og vinnur bankinn eftir viðmiðum Sameinuðu Þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB) ásamt viðmiðum Sameinuðu Þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN-PRI). Skipurit bankans styður vel við sjálfbærni og jákvætt er að málaflokkurinn nær til bankaráðs og efsta stjórnendalags en sjálfbærniupplýsingar eru hluti af mánaðarlegum kynningum sem er fer fyrir bankaráð. Bankinn hefur nú þegar náð góðum árangri í að draga úr umhverfisáhrifum frá eigin rekstri að undanskildu byggingu nýrra höfuðstöðva. Helstu tækifæri banka liggja í því að draga úr losun frá lána- og eignasafni og Landsbankinn vinnur í áttina að því og hafa sett sér markmið byggð á vísindalegum grunni (SBTi) og birt útreikninga á fjármögnum útblæstri samkvæmt aðferðafræði PCAF. Nýjasta samstarf bankans er aðild hans að samtökum um þróun bókhalds fyrir líffræðilegan fjölbreytileika (PBAF) og spennandi verður að fylgjast með framtíð þeirra samtaka. Landsbankinn býður upp á vörur og þjónustu sem styður við sjálfbærni og tekur tillit til UFS þátta í vörubrúun hjá sér sem er jákvætt. Landsbankinn hefur kolefnisjafnað eigin rekstur að fullu með alþjóðlega vottuðum kolefniseiningum sem er jákvætt. Eitt af átta sjálfbærnimarkmiðum bankans er áhersla á ábyrgar lánveitingar og til að fylgja eftir þeim áherslum vinnur bankinn eftir stefnu um ábyrgar lánveitingar. Landsbankinn hefur gefið út græn skuldabréf í samræmi við sjálfbæra fjármálaumgjörð og birtir árlega áhrifaskýrslu útgáfu grænna skuldabréfanna. Horft er til UFS sjálfbærni viðmiða í lánaákvörðunum en ekki er formlegt UFS áhættumat eða eftirfylgni á áhættu og frammistöðu lántaka. Eignastýring bankans er hjá Landsbréfum, dótturfélagi hans, og stefnir Landsbréf að aðild að viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar (PRI) líkt og Landsbankinn hefur gert en óljóst er hvenær það verður.

Fjármálaþyriræki á Íslandi starfa undir umfangsmiklu regluverki og eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Bankinn stendur vel að upplýsingaöryggi og er vottaður eftir ISO27001 um upplýsingaöryggi. Frá árinu 2021 hefur umgjörð með birgjum bankans verið í mótun og hefur bankinn náð markmiði sínu þar en unnið er að frekari innleiðingu málaflokksins. Tengsl bankans við samfélagið er áfram sterk og því til stuðnings mælist bankinn efstur í Ánægjuvoginni meðal annarra innlendra viðskiptabanka fjórða árið í röð. Það að auki er vel staðið að mannauðsmálum, sem há starfsánægja styður, og hafa flutningar starfsfólks yfir í nýjar höfuðstöðvar gengið vel. Bankinn er góð fyrirmynd fyrir innlenda markað og fær framúrskarandi einkunn í UFS mati Reitunar.

SAMANBURÐUR VIÐ ÍSLENSKA ÚTGEFENDUR

Landsbankinn er vel fyrir ofan meðaltal í öllum flokkum í samanburði við aðra innlenda útgefendur sem hafa farið í gegnum UFS greiningu hjá Reitun (fjöldi um 40). Meðaltal markaðarins sýnir heildareinkunn sem er nú 72 stig af 100 mögulegum, flokkur B2. Landsbankinn fær 90 stig sem er mesti fjöldi UFS stiga sem Reitun hefur gefið að svo stöddu. Er bankinn í flokki A3 ásamt fjórum öðrum rekstraraðilum.

Fyrirvarar

Við gerð þessarar greiningar og mats á umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum (UFS), er gengið út frá því að þau gögn og upplýsingar sem Reitun hefur fengið aðgang að til skoðunar séu sannleikanum samkvæmt og ekki liggja fyrir frekari gögn. Hafi Reitun fengið afhent ljósrit af skjölum gengur Reitun út frá því að þau séu í samræmi við frumrit viðkomandi skjala og ekki hafi verið gerðir neindir viðaukar eða breytingar á þeim eftir á. Þá er gengið út frá því að allar undirritanir á skjöl og samninga sem Reitun hefur fengið aðgang að séu réttar og skuldbindandi fyrir félagið.

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum og mögulega trúnaðarupplýsingum sem Reitun hefur undir höndum þegar matið er ritað. Helstu heimildir eru ársskýrslur og ýmis gögn frá þeim aðila sem verið er að meta, spurningalistar, samtöl og fundir auk aðgengilegra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi sem félagið telur áreiðanlegar. Reitun ábyrgist þó ekki áreiðanleika eða nákvæmni upplýsinganna og ber enga ábyrgð á áreiðanleika upplýsingaveitna sem stuðst er við. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á neinn hátt og þær skulu ekki nýttar á þeirri forsendu að um sé að ræða ráðleggingar vegna fjárfestinga í fjármálagerningum. Fjárfestar eru eindregið hvattir til að afla sér sjálfstæðra ráðlegginga eigin ráðgjafa áður en fjárfest er í fjármálagerningum, s.s. vegna lagalegrar eða skattalegrar stöðu sinnar. Reitun og starfsfólk Reitunar bera ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram

Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Reitun, eða starfsmenn Reitunar, ekki borið ábyrgð á villum. Mat á upplýsingum endurspeglar skoðanir Reitunar á þeim degi sem þær eru settar fram, en þær geta breyst án fyrirvara. Hvorki Reitun né stjórnendur eða starfsmenn félagsins bera ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni sem hlýst af upplýsingum sem finna má í þessu mati eða dreifingu slíkra upplýsinga.

Sérstök athygli er vakin á því að áætlanir og spár geta breyst fyrirvaralaust á jákvæðan eða neikvæðan hátt og eru háðar utanaðkomandi óvissu og breytum sem gjarnan eru ekki á valdi Reitunar. Reitun og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að UFS mat einstakra útgefanda sem félagið hefur metið og gefið einkunn á breytist. Reitun ábyrgist ekki að gera breytingar á þeim upplýsingum sem birtar eru í skýrslunni ef forsendur þeirra breytast eða ef í ljós kemur að þær eru rangar eða ónákvæmar.

Reitun, starfsmenn Reitunar, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Reitun kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Reitunar lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar, eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri þjónustu. Möguleiki er á að útgefandi verðbréfa sem metin eru greiðir Reitun fyrir þá þjónustu. Öll greiningarvinna eru engu að síður unnin sjálfstætt af Reitun.

Reitun á allan höfundarrétt að upplýsingum í skýrslunni. Óheimilt er með öllu að dreifa þeim upplýsingum sem finna má í matinu eða nýta þær með öðrum hætti án heimildar Reituna